

# KIRKJUGARÐARÁÐ

**26. fundur haldinn mánudaginn 10. janúar 2005**  
**kl. 14:00 í fundarherbergi á fjórðu hæð Biskupsstofu.**

---

**Mætt voru:** Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup, Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri, Valtýr Valtýsson, Þórsteinn Ragnarsson og Smári Sigurðsson. Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður sat fyrri hluta fundarins. Kristín H. Sigurðardóttir sat fundinn og ritaði fundargerð. Ragnhildur Benediktsdóttir formaður boðaði forföll. Gestur fundarins var Stefán Arngrímsson starfsmaður RARIK.

Biskup setti fund kl. 14:00. Hann lýsti ánægju sinni með gjaldamódelið og samkomulagið varðandi aukningu á fjármagni sem Kirkjugarðaráð úthlutar. Ekki hefur verið ákveðið hvenær ritað verður undir samninginn. Þjóðminjavörður vildi þakka fyrir samstarfið. Með lagabreytingunni sem gekk í gildi 1. janúar sl. tók forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins setu í Kirkjugarðaráði í stað þjóðminjavarðar. Formaður setti fund kl. 14:10.

## 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 25. fundar var samþykkt.

Guðmundur Rafn tók við stjórn fundarins

## 2. Tekjuútteiling til kirkjugarða fyrir árið 2005

Þórsteinn og Stefán Arngrímsson sem unnið hafði með nefndinni sem vann að tillögu um tekjuútteilingu kynntu útreikningana sem gjaldamódelið byggði á. Breytingin felst m.a. í að hætt verður að reikna framlagið út frá fjölda sóknarbarna. Í staðinn er það reiknað út frá föstum kostnaði sem felst í umhirðu garðsins (80% framlags) og breytilegs kostnaðar sem felst í grafartöku (18%) og vægi líkbrennslu (2%).

Þar sem ekki liggja fyrir upplýsingar um greftrun verður notaðar stuðull sem byggir á fjölda sóknarbarna. Stefnt er að því að velja aðlögun kirkjugarða sem munu fá minnkað fjármagn með því að láta breytingu á fjárframlagi gerast í þrepum á nokkrum árum. Með breyttu greiðslufyrirkomulagi munu 30 milljónir færast úr þéttbýli yfir í dreifbýli. Framlagið er háð skilum presta á upplýsingum um látna einstaklinga inn í legstaðaskrána á *gardur.is*. Skráningin sem er lögbundin frá 1. janúar 2005 er fyrsta lögbundna skráningin inn á vefinn. Legstaðaskráin verður þannig eins konar kvittun fyrir grafartökuna. Kerfið tekur mið af því að garðarnir stækki. Það er gegnsætt og því auðvelt að sjá í hvað kirkjugarðsgjaldið fer.

Biskup lagði til að Þórsteinn kæmi á prófastafundinn í Reykjavík 1. -2. mars og útskýrði breytinguna á greiðslu til kirkjugarðanna og á hverju hún byggðist. Jafnframt verða send út bréf til að útskýra málið.

Ríkisbókhald mun greiða fastan kostnað (umhirðu) mánaðarlega til kirkjugarðanna. Grafarkostnaður verður greiddur þegar upplýsingar berast um greftrun inn á *garður.is*.

Kirkjugarðsstjórn/prestur getur nálgast eyðublað vegna skráningarinnar hjá KGSÍ á Akureyri.

Tillaga um greiðslu grafarkostnaðar fyrir árið 2005 var borin upp og samþykkt á fundinum. Ákveðið var að Ragnildur hefði samband við dóms- og kirkjumálaráðuneytið til að ákveða tíma og fyrirkomulag undirritunar. Biskup vék af fundi.

### **3. Bréf til prófesta, kirkjugarðsstjórna og sóknarnefnda**

Bréfið var kynnt og voru engar athugasemdir gerðar við það. Bréfið fer út á næstu dögum með yfirliti yfir tekjur hvers kirkjugarðs fyrir sig miðað við gjaldalíkanið. Smári og Guðmundur Rafn kynna bréfið á aukahéraðsfundi í Rangárvallaprófastsdæmi nk. mánudag.

### **4. Erindi frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti vegna breytingar á orði í reglugerð um greiðslu prestþjónustukostnaðar við útfarir.**

Ákveðið var að fá Hjalta Zóphóníasson á fund til að ræða greiðslu til presta sem eru sóttir utan af landi til að framkvæma athöfn annars staðar. Þórsteini var falið að gera orðalagsbreytingu á reglugerðinni í nafni Kirkjugarðaráðs og senda Hjalta.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:50.

---

Ragnildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín H. Sigurðardóttir,  
ritari